

Fundargerð stjórnar BÍS 14/2015. miðvikudaginn 24. júní 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, , Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi:

Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs

Dagskrá:

- 1) Setning:
- 2) Erindi frá formanni upplýsingaráðs. GBB óskar eftir lausn frá störfum í stjórn BÍS vegna persónulegra ástæðna. Stjórn þakkar honum fyrir vel unnin störf á tímabilinu og óskar honum góðs gengis á nýjum vettvangi. BB er falið að koma með tillögur til stjórnar um einstakling úr upplýsingaráði til að leiða ráðið.
- 3) Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
- 4) Meginviðfangsefni:
 - a) Skipulag BÍS. HS og BB lögðu fram tillögu til umræðu og samþykktar að nýju skipuriti BÍS og dótturfélaga þess. Samþykkt.
 - b) Sjóðsstreymi BÍS og dótturfélaga. HS fór yfir sjóðsstreymisþörf BÍS og dótturfélaga þess. HS leggur til að Styrktarsjóður skáta láni Skátamótum ehf. stofnfé sitt á 10% vöxtum. Samþykkt. HS fær einnig umboð til að finna hagkvæm rekstrarlán/yfirdrátt og tryggi að Skátamót ehf beri fjármagnskostnaðinn en ekki BÍS. Samþykkt.
- 5) Afgreiðslumál
 - a) Forvarnarstefna. Frestað fram til næsta fundar. Stjórnarmenn hvattir til að senda inn punkta til JA fyrir næsta fund.
 - b) Félagatal. HS lagði fram tilboð NÓRA og samanburð þeirra kerfis við þarfagreiningu vinnuhóps BÍS um félagatal BÍS. HS leggur til félagakerfi NÓRA verði félagatal BÍS. Samþykkt. HS er falið að vinna málið áfram. Stefnt er að því að taka kerfið upp að fullu í byrjun árs 2016.
 - c) Tölfræði. MVG skilar af sér drögum að útskýringum á gögnum úr félagatali. Stjórn þakkar henni fyrir framtakið. Félagaráði er falið að skoða leiðir til að kynna efnið hjá skátafélögunum og skila tillögum til stjórnar í ágúst.
 - d) Erindi frá formanni stýrihóps vefmála. Stjórn þakkar honum fyrir vel unnin störf á þessu tímabili. HS er falið að hafa samband við aðra meðlimi innan stýrihóps vefmála og kanna þeirra hug til áframhaldandi vinnu og vinna málið áfram með upplýsingaráði.

- 6) Fundargerðir og starfsyfirlit
- a) Fundargerð framkvæmdanefndar vegna starfsafmælis Vigdísar Finnbogadóttur.
 - b) Fundargerð Þjóðþrifa ehf.
- 7) Önnur mál
- a) Vinnuhópur með leiðbeiningar vegna skátaheitis. Hópurinn skilar af sér almennum kynningartexta til umræðu og afgreiðslu. Stjórn er hvött til að fara yfir og senda athugasemdir á hópinn. Næsti fasi hópsins er að búa til efni til að kynna í skátafélögunum
 - b) Mót framundan. Stjórnin er hvött til að mæta á þau mót sem framundan eru.
 - c) Þinglýsing H123. BB upplýsti um stöðu mála.
 - d) Úlfljótsvatn. Lokagreiðsla fer fram fljótlega vegna kaupa BÍS í jörðinni á Úlfljótsvatni. Samkomulag um séreign / sameign á milli skáta og SÍ er frágengið.
 - e) Erindi frá LÆF. Ungmennaráði er falið að vinna málið áfram.

Gleðilegt sumar.

Fundi slitið kl. 20:15
Fundargerð ritaði HS